



## Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Rangæinga bs.

### I. kafli

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi, 851 Hellu, Rangárþing eystra, kt. 470602-2440, Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvelli og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1–3, 850 Hellu, hafa samþykkt að stofna byggðasamlag um rekstur tónlistarskóla sveitarfélaganna sem rekinn hefur verið á vettvangi Héraðsnefndar Rangæinga.

Heiti byggðasamlagsins er Tónlistarskóli Rangæinga bs., kt. 650269-0989, og er heimili þess og varnarþing að Vallarbraut 16, 860 Hvolsvelli. Starfsstöðvar eru í tengslum við grunnskóla aðildarsveitarfélaganna eða annars staðar eftir ákvörðun stjórnar samlagsins hverju sinni og heimild í fjárhagsáætlun.

##### 2. gr.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna. Eignarhluti aðildarsveitarfélaga er í samræmi við íbúatölu 1. október ár hvert.

### II. kafli

#### Hlutverk og valdheimildir.

##### 3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast rekstur tónlistarskóla fyrir hönd sveitarfélaganna. Markmiðið með rekstri skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu söngs og tónlistarstarfs í héraðinu.

##### 4. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hafa ákveðið að framselja til byggðasamlagsins vald til ákvörðunar og framkvæmdar þeirra málefna er snúa að rekstri tónlistarskólans.

Valdheimildum byggðasamlagsins er nánar lýst í samþykkt þessari. Stjórn byggðasamlagsins hefur ekki umboð til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er um í samþykkt þessari.

Byggðasamlagið skal fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál og stjórnsýslueftirlit auk þess að fylgja öðrum almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

##### 5. gr.

Leita þarf samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna við gerð samninga við einkaaðila um þjónustustarfsemi aðra en þá sem tilgreind er í 8. gr. samþykktarinnar, sbr. m.a. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt þarf að leita samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna við gerð samninga við einstök

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like Q.V., P.M., LE, BB, S.H.G., K.O., B.A., E.G., and others.



aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í starfsemi byggðasamlagsins. Að auki skal leita samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna varðandi gerð samninga um ný verkefni byggðasamlagsins.

### III. kafli Stjórnskipulag.

#### 6. gr.

Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalman og einn varamann í stjórn byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna eða sveitarstjórar þeirra.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal sá fundur haldinn eigi síðar en 1. ágúst. Fulltrúi fjölmennasta sveitarfélagsins boðar til fyrsta fundar og stýrir honum uns formaður hefur verið kjörinn.

#### 7. gr.

Stjórn byggðasamlagsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Halda skal stjórnarfund óski tveir fulltrúar í stjórn eftir því. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti fulltrúa í stjórn er mættur til fundar.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum.

Ákvarðanir sem stjórn tekur eru fullnaðarákvarðanir, en um endurupptöku einstakra mála fer eftir ákvæðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögunum.

#### 8. gr.

Hlutverk stjórnar er að annast daglegan rekstur byggðasamlagsins í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, að öðru leyti en því sem hún felur skólastjóra tónlistarskólans að annast fyrir sína hönd. Stjórnin gegnir hlutverki skólanefndar tónlistarskóla.

Stjórnin ræður skólastjóra til að annast framkvæmdastjórn byggðasamlagsins og gerir við hann ráðningarsamning þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi.

Í framkvæmdastjórninni felst að annast daglegan rekstur byggðasamlagsins í samræmi við gildandi lög, reglur og ákvarðanir stjórnar. Stjórninni er heimilt að gera samninga við ytri aðila um einstaka þætti er varða daglegan rekstur, s.s. færslu bókhalds, gerð reikninga o.þ.h.

Skólastjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Einnig hefur áheyrnarfulltrúi valinn úr hópi fastráðinna kennara rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri ræður starfsfólk byggðasamlagsins í samráði við stjórn. Skólastjóri gerir ráðningarsamninga við starfsfólk þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'SALB', 'LH6', 'PIT', 'Ea', 'JH', 'A', and 'B'.



#### IV. kafli Rekstur og fjármál.

##### 9. gr.

Stjórn byggðasamlagsins gerir í samráði við skólastjóra fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið ár hvert sem uppfyllir skilyrði sveitarstjórnarlaga og sendir sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar eigi síðar en 1. október ár hvert. Ef sveitarstjórn einhvers aðildarsveitarfélags staðfestir ekki fjárhagsáætlunina skal stjórn byggðasamlagsins fjalla aftur um áætlunina og senda nýja fjárhagsáætlun til staðfestingar.

Stjórn byggðasamlagsins skal hafa eftirlit með því að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Stjórn byggðasamlagsins og skólastjóri geta ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í staðfestri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Ákvarðanir um lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna í formi viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins ákveður hámark kennslustunda fyrir hvert skólaár og skal það gert ekki seinna en 30. júní ár hvert.

##### 10. gr.

Tekjur byggðasamlagsins eru nemendagjöld sem greidd skulu áður en kennsla hefst á hverri önn og mánaðarleg og eftir atvikum árleg framlög aðildarsveitarfélaganna. Einnig geta komið til aðrar tekjur vegna þjónustusamninga, sölu á þjónustu sem tengist verksviði byggðasamlagsins eða annarra skyldra þátta.

Stjórn byggðasamlagsins setur gjaldskrá vegna nemendagjalda að fenginni tillögu skólastjóra og skal slík gjaldskrá vera í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun. Byggðasamlagið annast innheimtu nemendagjaldanna.

Sveitarfélögin greiða framlag til byggðasamlagsins sem skiptist þannig að 40% miðast við íbúafjölda 1. október á reikningsárinu og 60% miðast við nemendafjölda frá hverju aðildarsveitarfélaganna þannig að tveir ½ tímar reiknast einn og samkennsla tveggja eða fleiri nemenda reiknast hlutfallslega á sama hátt. Skulu framlögin ákveðin í fjárhagsáætlun. Mánaðarleg rekstrarframlög eru greidd fyrirfram til byggðasamlagsins í samræmi við fjárhagsáætlun þess.

##### 11. gr.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

##### 12. gr.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Ársreikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem stjórn þess ræður til starfsins. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda, til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Q.V.", "NE", "PMS", "SB", "SMB", "H.O.", "MHG", "EA", and "AS".



### 13. gr.

Sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaganna eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um rekstur og stjórnsýslu byggðasamlagsins.

## V. kafli Ársfundir.

### 14. gr.

Ársfund byggðasamlagsins skal halda einu sinni á ári að jafnaði á vorin. Stjórn byggðasamlagsins ákveður hvar og hvenær ársfundur er haldinn en formaður stjórnar byggðasamlagsins boðar til ársfundarins.

Rétt til setu á ársfundi eiga kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna, auk lykilstarfsmanna byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna. Stjórn byggðasamlagsins getur ákveðið að bjóða öðrum aðilum til fundarins með hliðsjón af því hvaða mál eru tekin á dagskrá.

Á ársfundi er gerð grein fyrir rekstri byggðasamlagsins, fjárhagsáætlun og öðrum málum sem stjórn byggðasamlagsins ákveður.

## VI. kafli Breyting á samþykkt, slit og gildistaka.

### 15. gr.

Breytingar á samþykkt þessari þarfnast samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Samþykkt þessa skal endurskoða ef eitthvert aðildarsveitarfélaganna telur ástæðu til þess, s.s. ef breytingar verða á lögum og reglum sem varða verulega starfsumhverfi byggðasamlagsins.

### 16. gr.

Aðildarsveitarfélagi er heimilt að ganga úr byggðasamlagi þessu með tveggja ára fyrirvara. Um úrgöngu sveitarfélags gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 17. gr.

Tillaga um slit byggðasamlagsins skal samþykkt af a.m.k. 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Um slit byggðasamlagsins gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 18. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt fellur úr gildi ódagsett reglugerð fyrir Tónlistarskóla Rangæinga sem sett var af Héraðsnefnd Rangæinga og birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 394/2009.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SJK", "MAG", "Ea", and "Ea".



Rangárbírgi, 1. desember 2016

Január 21. maí 2017.  
Sveitarstjórn Rangárbírgs eystra:

Guðni Guðnason  
Lilja Finarsdóttir  
Birkir Benediktsson  
Ólafur Vísir  
Pórir Magnússon  
Benedikt Benediktsson  
Lilja Finarsdóttir

Sveitarstjórn Rangárbírgs ytra:

Þorgerður Torfi Jónsdóttir  
Sólveig Helga Guðm.  
Haraldur E.  
Margrét Heppa Guðst. S.  
Yngvirkur Jónsson  
Stianís Ólafsson  
Ísgrit Sýntón

Sveitarstjórn Ásahrepps:

Þrygja J. Jónsdóttir  
Elin Grétarsdóttir  
Egill Þorgeirsson  
Karl Ólafsson  
Ólafur Þ.

Staðfesting Innanríkisráðuneytisins:

